

Fimmtudaginn 6. febrúar 1992.

Nr. 494/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Þorbirni Gunnarssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.).

Fjársvik. Umboðssvik. Málskostnaður. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins. Dómkröfur ákærvaldsins eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd og að ákvæði héradsdóms um skaðabætur úr hendi ákærða verði staðfest og ákærði auk þess dæmdur til að greiða Hótel Íslandi 41.602 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 15. október 1991 til greiðsludags. Jafnframt verði ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í héraði og allan kostnað af áfrýjun málsins.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara þess, að sér verði einungis gerð sektarrefsing svo væg sem lög leyfa. Verði ákærði hins vegar dæmdur til að sæta refsivist, komi vist hans í gæsluvarðhaldi 16.-18. október 1991 henni til frádráttar.

Ákærða var 17. janúar 1992 skipaður sá verjandi, er flytur fram vörn hans fyrir Hæstarétti, og hefur ákærði lýst sig samþykkan þeirri skipun. Hann hefur og tjáð sig sjálfur fyrir réttinum.

Atvikum varðandi þær sakir, sem bornar eru á ákærða í máli þessu, er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi sakadóms Reykjavíkur. Við rannsókn málsins hefur ákærði verið fáorður um hagi sína og ástæður til dvalar hér á landi. Gögn málsins gefa til kynna, að ákærði hafi verið félítill, er hann kom hingað til lands í septembermánuði 1991. Er óljóst, hvaða fjármuni hann hafði til

ráðstöfunar umfram þá, sem fundust í fórum hans við lögreglu-rannsókn í októbermánuði. Viðskipti ákærða við Hótel Holt, sem um ræðir í I. þætti ákæruskjals, verður að skoða í ljósi þessa. Varðandi kaup á vörum frá Kristu sf., sem um ræðir í II. þætti ákæruskjals, er á það að líta, að ákærði hófst handa um þau án þess að kanna, hvort hann gæti fengið tilskilin atvinnuleyfi. Þá ber að byggja á þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um skulda-stöðu ákærða gagnvart bankastofnuninni Nedbank í Jóhannesar-borg, vegna notkunar hans á greiðslukortum fyrir komuna hingað. Ákærði ber ekki bríður á þau greiðslukortaviðskipti hér á landi, er orðið hafa stofn að skuld hans við Kreditkort hf., sem III. þáttur ákæruskjals tekur til.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og til fyrr-greindra athugasemda ber að staðfesta dóminn að öðru leyti en því, að rétt þykir að skilorðsbinda refsingu ákærða að fullu, eins og í dómsorði greinir. Er þá meðal annars litið til þess, að hann hefur sætt farbanni á grundvelli 72. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, frá því að hann var leystur úr gæsluvarðhaldi 18. október 1991, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnar-laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Við meðferð máls þessa fyrir dómi hefur ákærði notið aðstoðar dóm túlks, þar sem hann er ekki mæltur á íslenska tungu, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sem skýra ber með hliðsjón af e-lið 3. mgr. 6. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Er rétt, að kostnaður vegna þessa í héraði og fyrir Hæstarétti verði greiddur úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að fresta skal fullnustu refsingar ákærða, Þorbjörns Gunnarssonar, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Komi til fullnustu á refsingu ákærða, skal vist hans í gæsluvarðhaldi 16.- 18. október 1991 koma til frádráttar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar annan en kostnað af atbeina dómtúlks, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 19. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 602/1991: Ákærvaldið gegn Þorbirni Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 12. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. október sl., á hendur ákærða, Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, sem talinn er namíbiskur ríkisborgari, til heimilis í Windhoek í Namibíu og fæddur í Namibíu 3. september 1965, „fyrir eftirgreind auðgunarbrot í september og október 1991 í Reykjavík:

I. Hótelsvík.

Fyrir að hafa tekið á leigu herbergi á eftirgreindum tveimur hótélum og látið færa sér vörur og veitingar og þegið þjónustu sem hótelgestur án þess að hafa nokkra fyrirsjáanlega möguleika á að geta greitt fyrir þjónustuna:

1. Á Hótel Holti við Bergstaðastræti dagana 19. september til 11. október. Er ákærði var krafinn um greiðslu skuldarinnar 11. október, 214.823 kr., gat hann ekki greitt hana, og var ákærða þá vísað af hótelinu, eftir að hann hafði afhent vegabréf sitt og farseðla til tryggingar greiðslu skuldarinnar.

2. Á Hótel Íslandi, Ármúla 9, dagana 11. til 15. október, en þann dag handtók Rannsóknarlögregla ríkisins ákærða á hótelinu vegna grunar um hegningarlagabrot, og gat ákærði þá ekki greitt hótélreikninginn, samtals 41.602 kr.

Þykir ákærði með fyrrgreindum hótelsvíkum hafa gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Fjársvik.

Fyrir að hafa í lok september og byrjun október með blekkingum fengið fyrirsvarsmenn heildsöluþyrftækisins Kristu sf., Kringlunni 8-12, sem selur Sebastian-snyrtivörur, til að afhenda sér í Garðastræti 11 snyrtistól og ýmsar snyrtivörur og hluti til kynningar á þeim, samtals að verðmæti 426.671 kr., án þess að hafa nokkra fyrirsjáanlega möguleika á að geta greitt varninginn og undir því yfirsíni, að ákærði væri íslenskur ríkisborgari, fæddur á Húsavík, með mikla þekkingu á þessum snyrtivörum og hefði virðisaukaskattsnúmer 4254. Er fyrirsvarsmönnum þyrftækisins orðu ljósar blekkingar ákærða 13. október, fóru þeir að Garðastræti 11 og tókst að ná til baka meiri hluta varningsins, og hluti hans fannst á Hótel Holti, en mismuninn, að verðmæti 32.816 kr., hefur ákærði ekki greitt, og í ljós er komið, að uppgæfið virðisaukaskattsnúmer hefur þyrftæki á Hellu.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

III. Umboðssvik.

Fyrir að hafa á tímabilinu 19. september til 6. október misnotað í staðgreiðsluviðskiptum Mastercard-greiðslukort nr. 5412-8309-0321-7355, út gefið til ákærða af Nedbank í Jóhannesarborg í Suður-Afríku, sem vegna misnotkunar ákærða hafði verið sett á vákortalista 3. og 17. september 1991. Vegna þessa varð Eurocard á Íslandi, Kreditkort hf., bundið við að greiða viðskipti ákærða út á kortið, samtals að fjárhæð 38.865 kr.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta. Þá er þess og krafist, að ákærða verði með væntanlegum refsidómi gert að verða af landi brott, sbr. 13. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45, 1965, er hann hefur þolað refsingu samkvæmt dómnum".

Málavextir eru þessir:

I.

Ákærði, sem samkvæmt namibísku vegabréfi heitir Torbjornen Gunnason, en kveðst sjálfur heita Þorbjörn Vilhelm Anders Gunnarsson, kom til Íslands 19. september sl. og átti bókað far til Amsterdam 18. október sl. Ákærði dvaldist í fyrstu á Hótel Holti, frá 19. september til 11. október sl., er honum var vísað af hótelinu eftir kröfu hóteltjórans. Hinn 14. október sl. sneri hóteltjórinn sér til RLR og lagði fram kæru á hendur ákærða. Kvað hann reikning ákærða hafa verið kominn upp í 214.823 kr., og er óskað var eftir því, að ákærði greiddi reikninginn, hefði hann sagt,

að hann ætti enga peninga. Hefði ákærða verið veittur frestur til að inna greiðslu af hendi, en hún ekki borist. Hótelstjórinn tók í sínar vörslur vegabréf ákærða og farseðil.

Ákærði var handtekinn 15. október sl., og samkvæmt upplýsingum RLR fannst eftirfarandi í fórum hans:

— — —

Samkvæmt gengi gjaldmiðla í október sl. nemur verðmæti fjármuna þeirra, er fundust í fórum ákærða, samtals rúmlega 60.000 krónum.

Við rannsókn málsins vöknudu grunsemdir RLR um, að ákærði væri annar en hann sagðist vera, og 25. október sl. bárust þær upplýsingar frá Interpol, Kanada, að ákærði væri Lars-Erik Gunnarsson, fæddur í Manitoba, Kanada, 8. september 1965, og væri hann eftirlýstur þar í landi vegna auðgunarbrotis, framins í febrúar sl. Hinn 7. nóvember sl. bárust RLR myndrit fingrafara Lars-Eriks Torbjorns Mattis Pekkass Gunnarssonar, f. 8.9. '65. Rannsóknarlögreglumennirnir Haraldur Árnason og Bjarni J. Bogason báru saman fingraför þessi við fingraför ákærða og komust að þeirri niðurstöðu, að um sömu fingraför væri að ræða.

Ákærða voru kynnt ofangreind gögn á dómþingi 12. nóvember sl. Ákærði kvað gögnin staðfesta, að hann væri Þorbjörn Gunnarsson. Þá kvað ákærði gögnin ekki mæla gegn því, að hann væri namibískur ríkisborgari, þar sem því sé ekki haldið fram í þessum gögnum, að ákærði sé kanadískur ríkisborgari. Ákærði kvaðst fæddur 8. september 1965. Aðspurður, hvort ákærði kannaðist við að hafa gengið undir nafninu Lars-Erik Torbjörn Matti Pekka Gunnarsson í Kanada, kvaðst ákærði eingöngu vísa til fæðingarvottorðs síns. Ákærði hélt fast við, að hann væri fæddur í Namibíu.

Ofangreindir rannsóknarlögreglumenn komu fyrir dóm sama dag og staðfestu áðurgreinda fingrafararannsókn.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann kannaðist við að hafa haft herbergi á leigu á Hótel Holti og þegið þjónustu þar, eins og rakið er í ákæruskjali. Ákærði taldi, að reikningurinn, að fjárhæð 214.823 kr., væri ekki réttur. Ákærði kvað, að bætt hefði verið við reikninginn þjónustu 14. október sl., en þá hefði hann ekki verið á hótelinu. Þá kvaðst ákærði enga reikninga hafa séð, sem hann hefði kvittað fyrir, og aðra reikninga kveðst hann ekki geta samþykkt. Ákærði viðurkenndi herbergisleiguna, en kvaðst ekki geta sagt til um annað, vegna þess að hann hefði ekki kvittaða reikninga í höndum. Ákærði kvað Skúla Þorvaldsson hafa krafið sig um greiðslu, og kvað ákærði, að krafan hefði hljóðað upp á rúmlega 190.000 krónur. Ákærða þótti þetta nokkuð skyndileg framkoma af hálfu Skúla,

enda hefði ríkt ágætis-samkomulag milli þeirra og starfsfólks fram til þess tíma. Ákærði kvaðst nú enga möguleika hafa á að greiða þennan reikning, sökum þess að Skúli og lögreglan hefðu tekið öll gögn sín af sér. Ákærði kvaðst hafa haft möguleika á að greiða reikninginn, þegar Skúli krafðist þess, ef sér hefði verið leyft að fara í herbergi sitt. Ákærði kvaðst ekki hafa átt möguleika á að tjá Skúla þetta, þar sem Skúli hefði verið mjög harðorður í sinn garð. Kvaðst ákærði hafa tjáð Skúla mörgum sinnum, að hann þyrfti að komast í herbergi sitt til að ná í persónulega muni sína. Kvað ákærði, að Skúli hefði krafist greiðslu í íslenskum krónum, og hefði hann talið erlendan gjaldeyri ekki duga.

Ákærði játaði að hafa þegið veitingar og þjónustu á hótelinu, en kvaðst ekki geta sagt til um nákvæma fjárhæð. Ákærði kvað mögulegt, að á reikningnum væri um réttar fjárhæðir að ræða, en þó mótmælti ákærði úttekt 14. október sl. Ákærði kvaðst vita, að eigur sínar hefðu horfið, og sé þar um að ræða megnið af því, sem var í peningaskáp í herbergi sínu, en þar var erlendur gjaldeyris, farmiði, sem Skúli hafði tekið, persónuskilríki, bók með heimilisföngum auk annarra hluta. Kvað ákærði augljóst, að peningaskapurinn hefði verið opnaður, því að í honum var bankabók, sem sér hefði verið skilað. Er ákærði var yfirheyrður hjá RLR 22. október sl., kvað hann, að m.a. hefðu verið í peningaskápnum 1.730 sterlingspund, 5.500 franskir frankar og 300 Bandaríkjadalir. Samkvæmt gengi í nóvember eru þetta um 250.000 íslenskar krónur.

Aðspurður, hvort rætt hefði verið um greiðslu fyrir 11. október sl., kvað ákærði, að hann hefði spurst fyrir um það eftir aðra viku, en sér hefði þá verið sagt, að greitt væri við brottför.

Ákærði tók fram, að hann neitaði ekki skuld sinni við Hótel Holt, sem hann taldi vera á viðskiptalegum grundvelli, en engin svik af sinni hálfu hefðu verið höfð í frammi.

Er ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 16. október sl. vegna kröfu um gæsluvarðhald á hendur honum, skýrði hann svo frá, að hann hefði haft fé í fórum sínum, er hann kom á hótelið, en sér hefði verið hent út af hótelinu 11.10. sl., og hefði hann þá ekki haft fé til að greiða fyrir alla dvöl sína á hótelinu.

Vitnið Skúli Þorvaldsson, kt. 070341-3799, Espigerði 12, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði pantað hótelherbergi á Hótel Holti frá París, og hefði hann verið beðinn að senda staðfestingu á faksi með greiðslukortsnúmeri, en vitnið kvað ákærða ekki hafa gert það. Vitnið kvað, að ákærði hefði ekki verið krafinn um greiðslukort, þegar hann skrifaði sig inn á hótelið, enda kvað vitnið það ekki vera venju. Vitnið kvað ákærða hafa sagst vera starfsmaður hjá Namib-Air, og hefði hann spurst fyrir um afslátt vegna þess. Vitnið kvað ákærða hafa sýnt skilríki,

sem sýndu, að hann væri starfsmaður þessa félags. Stuttu eftir að ákærði kom á hótelið, hefði hann óskað eftir viðtali við vitnið, og kvað vitnið ákærða hafa tjáð sér, að hann væri af íslenskum ættum, fæddur hér og hefði átt hér heim til tveggja ára aldurs. Hefði ákærði sagst hafa flust til Svíþjóðar og átt þar heimili í sex ár, en frá átta ára aldri hefði hann verið í Suður-Afríku. Vitnið kvað ákærða hafa spurt, hvort vitnið kannaðist við bræðurna Kristjánssyni, er byggju í Kanada, en vitnið kvað ákærða hafa tjáð sér, að þeir væru móðurbræður sínir. Vitnið kvað ákærða ekki hafa minnst neitt á ríkisborgararétt sinn. Kvað vitnið ákærða hafa sagt sér ævisögu sína og tilgang dvalar sinnar hér á landi, sem hefði verið að athuga möguleika á þjálfun starfsmanna Namib-Air hér á landi. Kvað vitnið ákærða hafa sagst ætla að dveljast eina viku á hótelinu. Vitnið kvað ákærða hafa verið kurteisán í allri umgengni. Hefði ákærði eftir nokkra dvöl hér talað um, að dvalarkostnaður væri mikill hér á landi, og talið óvíst, að unnt væri að senda starfsmenn flugfélagsins hingað. Vitnið kvað, að ákærði hefði framlengt dvöl sína nokkrum sinnum, en ekki verið krafinn skýringa á því.

Vitnið kvað, að athygli ákærða hefði verið vakin á því, að hann þyrfti að fara að huga að greiðslu á reikningnum, og kvað vitnið, að ákærði hefði ekki talið vandkvæði á því. Vitnið taldi, að eyðsla ákærða hefði ekki verið óeðlileg, en dvöl hans þó verið í lengra lagi. Vitnið kvað, að ákærði hefði einhvern daginn pantað 28 manna borð í veitingasalnum, en afþakkað það sama dag. Þá kvað vitnið, að ákærði hefði spurt, hvort hægt væri að sjá um giftingarveislu fyrir 500 manns, en það ekki náð neitt lengra. Vitnið kvaðst nú hafa farið að heyra ávæning af því, að ákærði væri ekki allur, þar sem hann væri séður, og hefði vitnið þá farið að heyra ýmsar sögur af honum, m.a. frá Útlendingaeftirlitinu. Vitnið kvað, að einhvern daginn hefði verið hringt á hótelið frá Keflavíkurflugvelli og spurt um ákærða, sem átti að vera mættur í flug til Amsterdam eftir nokkrar mínútur. Vitnið kvað, að íslensk kona, Lovísa að nafni, hefði hringt frá París og sagt sínar farir ekki sléttar af kynnum sínum við ákærða. Hefði hann lofað sér gistingu í íbúð móður sinnar, en heimilisfang hefði ekki staðist. Kvað vitnið, að sér hefði nú fundist ástæða til að krefja ákærða um greiðslu föstudaginn 11. október sl., og kvaðst vitnið hafa beðið starfsfólk að afhenda ákærða ekki lykilinn að herbergi sínu. Vitnið kvaðst hafa komið um kl. 20.30 að ræða við ákærða, og kvað vitnið, að ákærði hefði óskað eftir því að ræða einslega við sig. Kvaðst vitnið hafa rætt við ákærða á skrifstofu sinni og hafa sagt við ákærða, að hann væri ekki allur, þar sem hann væri séður, og kvað vitnið ákærða hafa viðurkennt það, að hann hefði logið að fólki, en ákærði hefði sagt, að það væri ekki saknæmt. Hefði ákærði sagst ekki geta greitt reikninginn. Vitnið kvaðst hafa krafist ákærða

um tryggingu fyrir greiðslu, en ákærði enga tryggingu getað lagt fram, og jafnframt hefði hann sagt, að hann hefði farið yfir á greiðslukorti sínu. Vitnið kvað ákærða hafa boðið farseðil og vegabréf sem tryggingu, en vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að þetta væri engin trygging, hugsanlega væru þetta fölsuð skjöl, eða ákærði hefði fleiri slík skjöl í fórum sínum. Vitnið kvaðst samt hafa tekið við þessum skjölum, og jafnframt kvaðst vitnið hafa leitað ráða hjá Útlendingaeftirlitinu. Vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að hann gæti ekki dvalist lengur á hótelinu. Ákærði hefði þá tjáð vitninu, að hann ætlaði að fá símsenda peninga, og hefði hann ætlað að reyna að borga á mánudeginum. Vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að vitnið myndi bíða fram á mánudag. Vitnið kvað ákærða hafa beðið um að mega fara upp á herbergi sitt, en vitnið kvaðst hafa neitað honum um það. Hefði ákærði sagst þurfa að komast í lyf, sem þar væru, en vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að hann gæti nálgast þau með öðrum hætti. Vitnið kvað ákærða ekki hafa minnst á, að hann væri með peninga uppi á herbergi sínu. Vitnið kvað, að í öllum herbergjunum í hótelinu, sem eru 50 talsins, væru öryggishólf, sem notuð eru þannig, að gestir velja sér sína eigin fjögurra stafa tölu, sem þeir stimpla á lykklaborð á öryggishólfinu. Vitnið kvaðst ásamt aðstoðarhótelstjóra hafa tæki til að opna hólfin í þeim tilvikum, að gestur gleymi tölum eða gestur fari af hóteli án þess að skilja hólfið eftir opið. Vitnið kvaðst hafa ásamt aðstoðarhótelstjóra, Sigurði Skúla Bárðarsyni, tæmt öryggishólf ákærða þriðjudaginn 15. október sl. Vitnið kvað, að engir fjármunir hefðu verið í hólfinu nema einn tékki, stílaður á ákærða, að því er vitnið taldi, af Namib-Air, að fjárhæð ca. 1.800 R. Þá hefði verið þarna erlent tékkhefti, skilríki og aðrir pappírar. Var þetta sett í tösku, sem hefði ásamt öðrum farangri ákærða verið skilin eftir í herberginu og það læst með sérstakri öryggislæsingu. Vitnið kvað RLR hafa síðan tekið allan farangur ákærða. Vitnið kvað, að Sigurður Skúli gæti borið um það, sem í hólfinu fannst. Vitnið kvað það ekki vinnureglu á Íslandi að krefja gesti um greiðslukort í upphafi dvalar. Sé gestum treyst, og kunni útlendingar að meta það. Vitnið kvað Hótel Holt vera í sérflokkki, og sé það í samtökum sérstakrar hótelkeðju, sem hafi á sér sérstakan gæðastimpil, og séu tæplega 400 hótél í 38 eða 39 þjóðlöndum í heiminum aðilar að þessum samtökum. Vitnið kvað, að sér hefði ekki verið birt kæra um, að fjármunir ákærða hefðu horfið af hótelinu. Margspurt kvað vitnið, að engir fjármunir hefðu verið í öryggishólfinu.

Ákærði og vitnið voru samprófaðir, en ekki náðist samræmi í framburði þeirra. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Sigurður Skúli Bárðarson, aðstoðarhótelstjóri á Hótel Holti, kt. 010950-2799, Stekkjarflöt 23, Garðabæ, skýrði svo frá fyrir dómi, að framkoma ákærða hefði að öllu leyti verið eðlileg. Kvað vitnið, að reikn-

ingur ákærða hefði verið orðinn nokkuð hár, og kvaðst vitnið hafa óskað eftir greiðslu frá ákærða. Hefði ákærði sagt, að hann væri ekki með handbært fé, en þetta hefði verið á föstudegi eftir lokun banka, en ákærði sagst vera með peninga í banka. Vitnið kvaðst hafa óskað eftir tryggingu frá ákærða, sem enga tryggingu hefði getað sett, og kvaðst vitnið þá hafa neitað honum um aðgang að herberginu. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort ákærði ýtti á um að komast inn í herbergi sitt, og ítrekaði vitnið, að ákærði hefði sagt, að hann hefði enga peninga á sér. Vitnið kvað, að ákærði og Skúli hefðu átt viðræður saman, en vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt. Vitnið kvað ákærða hafa farið af hótelinu, og hefði hann skilið farangur sinn eftir í herberginu. Kvað vitnið, að þurft hefði að rýma herbergið fyrir öðrum gestum, og hefði gestur komið í herbergið daginn eftir, að því er vitnið taldi, en vitnið kvaðst hafa verið í fríi laugardag, sunnudag og mánudag. Vitnið kvað, að öryggishólf í herbergi ákærða hefði verið opnað föstudagskvöldið, og kvað vitnið, að farangurinn hefði verið skilinn eftir í herberginu, sem hefði verið læst með öryggislæsing. Vitnið kvaðst telja, að farangur ákærða hefði verið settur í annað herbergi, en vitnið kvaðst þó ekki geta borið frekar um það sökum þess, að það var ekki viðstatt. Vitnið kvaðst ásamt Skúla hafa opnað öryggishólf.

Borinn var undir vitnið framburður Skúla þess efnis, að öryggishólfið hefði verið opnað á þriðjudeginum, en vitnið kvað sig minna, að hólfið hefði verið opnað á föstudeginum. Vitnið kvað, að í hólfinu hefðu verið minnismiðar, starfsmannaskírteini frá Namib-Air, ávísun í erlendum gjaldmiðli, stíluð á Gunnarsson, bankabók með 15.000 króna innstæðu, smáhlutir og úr. Vitnið kvað, að ekki hefði verið um frekari fjármuni að ræða í hólfinu. Vitnið kvað, að þessi hlutir hefðu verið skildir eftir í hólfinu og því læst. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt, þegar lögreglan sótti eigur ákærða. Vitnið kvað sér ekki kunnugt um, að ákærði hefði boðið fram greiðslu, áður en hann fór af hótelinu.

Aðspurt, hvort vitninu hefði verið kunnugt um, hvort ákærði ætlaði að opna hárgreiðslustofu hér á landi, kvaðst vitnið hafa frétt það, eftir að málið kom upp.

Vitnið Sigrún Ásmundsdóttir, kt. 280465-3139, Kaplaskjólsvégi 31, Reykjavík, skýrði svo frá, að það hefði ekki verið viðstatt, þegar ákærði skráði sig á hótelið, en kvaðst hafa farið af verði skömmu áður. Vitnið kvað ákærða hafa sagt, að hann væri fæddur á Húsavík, ætti ömmu og afa á Vopnafirði og móður, sem starfaði í Suður-Afríku fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Þá hefði ákærði sagst eiga barn með frægri íslenskri söngkonu, sem hann sagðist ætla að giftast. Vitninu skildist, að ákærði væri Suður-Afríku-maður, en vitnið kvað ákærða aldrei hafa tjáð sér neitt um það.

Vitnið kvaðst starfa í gestamóttöku. Vitnið kvað öryggishólf vera í hverju

herbergi, sem væri þannig úr garði gert, að gesturinn veldi sjálfur leyninúmer, en hægt væri að opna hólfið með sérstökum öryggislykli, sem þrír starfsmenn hótelsins hefðu aðgang að. Vitnið kvað, að ákærði hefði tjáð starfsfólki og það verið altalað meðal starfsfólks, að ákærði væri starfsmaður Namib-Air. Kvað vitnið ákærða hafa sagst vera að kanna aðstæður, svo að unnt væri að kenna namibískum flugumferðarstjórum á Íslandi. Vitnið tók fram, að ekki væri víst, að ákærði hefði sagt sér þetta allt sjálfur, heldur væri hugsanlegt, að starfsfólk hefði rætt þetta. Vitnið tók fram, að samskipti ákærða við starfsfólk hefðu verið mjög góð. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt, hvað ákærða og Skúla fór á milli, er ákærða var vísað af hótelinu.

Vitnið Andrea Magdalena Jónsdóttir, sem starfar við gestamóttöku á Hótel Holti, kt. 210769-3909, Smáraflöt 49, Garðabæ, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði sagt, að tilgangur sinn með dvöl sinni hér væri sá að kanna aðstæður hér á landi fyrir þjálfun starfsfólks Namib-Air. Vitnið kvað, að tæpri viku áður en ákærði fór af hótelinu, hefði hann talað um, að hann ætlaði að starfa við snyrtingu hér á landi og ekki hverfa aftur til Namibíu.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson, deildarfulltrúi hjá RLR, kt. 131232-7569, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fyrst séð farangur ákærða á Hótel Holti, og var hann þá í herbergi til hliðar við lyftuna. Vitnið kvað, að síðar hefði verið búið að flytja farangurinn í herbergi á 2. hæð, þangað sem farangurinn var sóttur. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt, þegar öryggishólf ákærða var tæmt, og ekki kvaðst vitnið hafa vitað, að ákærði hefði aðgang að því. Vitnið kvað sér ekki kunnugt um aðra fjármuni en þá, er fram koma á heildarlista yfir allt, sem haldlagt var við rannsókn málsins og liggur frammi í máli þessu.

Vitnið Baldvin Einarsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 120860-7399, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fyrst séð farangur ákærða í geymslu á jarðhæð í Hótel Holti daginn, sem hann var handtekinn. Vitnið kvað ekkert hafa verið tekið þar þá, nema merkimiði hefði verið tekinn af einni ferðatösku, en ekki hefði verið leitað í farangrinum. Vitnið kvað, að nokkrum dögum síðar hefði farangur ákærða verið sóttur í annað herbergi. Vitnið kvað það hafa komið fram við yfirheyrslur, að ákærði hafði aðgang að öryggishólfi. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt leit í því. Vitnið kvað sér ekki kunnugt um aðra fjármuni ákærða en þá, er fram koma á heildarlista yfir allt, sem haldlagt var við rannsókn málsins og liggur frammi í máli þessu. Vitnið kvaðst staðfesta undirskrift sína undir ofangreindan lista. Vitnið tók fram, að ekkert hefði verið leitað í farangrinum, fyrr en dómsúrskurður lá fyrir.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa haft herbergi á leigu á Hótel Holti dagana 19. september til 11. október sl. og þegið

á þeim tíma þjónustu og veitingar. Með framburði vitna í máli þessu og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi hvorki getað innt greiðslu af hendi né lagt fram tryggingu fyrir reikningi, er hann var krafinn um greiðslu á honum, sem samkvæmt gögnum hótelsins nam 214.823 kr.

Ákærði hefur talið sig hafa átt næga fjármuni í peningaskáp í hótélherbergi sínu, en fjármunir þessir hafi horfið. Ekkert hefur fram komið í málinu, er bendir til þess, að þessi framburður ákærða eigi við rök að styðjast. Þá er til þess að líta, að ekki er að sjá af gögnum málsins, að ákærði hafi vakið máls á þessu fyrr en við yfirheyrslur hjá RLR 22. október sl. Verður því að telja, að hér sé um fyrirlátt einan af hálfu ákærða að ræða, og verður framburði hans að þessu leyti því hafnað.

Samkvæmt framansögðu telst því fyllilega sannað, að ákærði hafi með ofangreindri háttsemi sinni gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærulið I, 1 og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

II.

Með bréfi, dagsettu 19. október sl., lagði Ingibjörg Ólafsdóttir, móttökustjóri á Hótel Íslandi, fram kæru á hendur ákærða. Kvað hún ákærða hafa komið á hótelið að kvöldi 11. október sl. og óskað eftir gistingu. Samkvæmt innskriftarseðli kvaðst ákærði hafa komið frá Frakklandi 1. október sl. Kvað Ingibjörg ákærða hafa ætlað að gista eina nótt og greiða með Visa-greiðslukorti, sem hann sýndi, en hann hefði framlengt dvöl sína og gist tvær nætur. Hið 15. október sl. hefði ákærði farið af hótelinu í fylgd lögreglumanna. Kvað Ingibjörg ákærða hafa leynt starfsfólk dvöl sinni á Hótel Holti, og kvað hún honum ekki myndu hafa verið veitt gisting, ef vitað hefði verið um skuld hans þar. Var reikningur ákærða á Hótel Íslandi kominn í 41.602 kr., og var ekkert greitt inn á hann.

Ákærði skýrði svo frá, að hann kannaðist við að hafa verið með herbergi á leigu á Hótel Íslandi og þegið þar þjónustu, eins og rakið er í ákæru. Aðspurður, hvort reikningurinn væri réttur, kvaðst ákærði ekki neita ábyrgð, en kvaðst ekki geta sagt til um einstök atriði hans, sökum þess að sig vantaði gögn. Ákærði kvað, að hann hefði ekki verið krafinn um greiðslu, enda var hann handtekinn á hótelinu og leiddur þaðan út í lög-reglufylgd. Ákærði kvað, að hann hefði haft möguleika á að greiða reikninginn. Ákærði kvaðst hafa haft í förum sínum reiðufé í íslenskum krónum og ferðatækka, þegar hann kom á hótelið. Ákærði kvaðst ekki hafa gert starfsfólkinu grein fyrir því, hvar hann dvaldist áður, enda kvaðst hann ekki hafa verið um það spurður, og ekki sé venja, að spurt sé um slíkt. Ákærði kvaðst hafa skrifað á innskriftarmiða hótelsins, að hann hefði komið til landsins 1. október sl. Ákærði kvað, að vegna kringumstæðna og hugarástands hefði hann gert þetta.

Vitnið Hilmar Þórarinnsson, kt. 190460-2079, Borgarholtsbraut 37, Kópavogi, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði starfað í gestamóttöku á Hótel Íslandi föstudaginn 11. október sl., og kvaðst vitnið muna eftir því, að ákærði hefði komið að kvöldi þess dags og beðið um gistingu eina nótt. Vitnið kvað ákærða hafa fyllt út eyðublað að öllu leyti sjálfan. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða um það, hvernig greiðslu yrði hagað, og hefði ákærði þá spurt, hvort tekið væri við Visa-greiðslukorti. Vitnið kvaðst hafa samþykkt það, en kvaðst ekki hafa séð greiðslukort í fórum ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa spurt ákærða, hvaðan hann hefði komið. Vitninu virtist ákærði vera „afslappaður“. Vitnið kvaðst engin afskipti hafa haft af ákærða eftir þetta. Vitnið kvað, að reglan væri sú, að greiða skuli eina nótt fyrir fram, og kvað vitnið, að hér hefði verið um þau mistök af sinni hálfu að ræða, að ákærði var ekki látinn greiða fyrir gistinguna. Vitnið kvaðst ekki vita til, að ákærði hefði verið krafinn um greiðslu, þegar hann fór af hótelinu. Þá kvað vitnið alvanalegt, að gestir tilkynntu gestamóttöku, ef þeir óskuðu framlengingar á dvöl sinni.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins kannast við að hafa dvalist á Hótel Íslandi dagana 11. til 15. október sl. og þegið þar þjónustu sem hótलगestur. Þá hefur ákærði kannast við að hafa ekki gert starfsfólki hótelsins grein fyrir viðskilnaði sínum við Hótel Holt, en ætla má, að sú vitneskja hefði leitt til þess, að ákærða yrði ekki veitt gisting. Hins vegar ber að líta til þess, að ákærði var ekki krafinn um greiðslu, enda var hann handtekinn á hótelinu 15. október sl. og færður þaðan í lögreglufylgd. Þá er þess að gæta, að í fórum ákærða fundust fjármunir, er nægja myndu til greiðslu reikningsins, sem samkvæmt gögnum hótelsins nam 41.602 kr. Þegar allt framanritað er virt, verður að telja ósannað, að fyrir ákærða hafi vakað að greiða ekki fyrir áðurgreinda þjónustu, og ber því að sýkna ákærða af ákærulið I,2.

III.

Með bréfi, dagsettu 14. október sl., til RLR lagði Sveinn Grétar Jónsson f.h. Kristu sf., Kringlunni 8-12 hér í borg, fram kæru á hendur ákærða. Kvað Sveinn ákærða hafa fengið afgreiddar snyrtivörur frá fyrirtækinu, að verðmæti 426.671 kr., á þeim forsendum, að hann væri að setja upp snyrtistofu á virtri hárgreiðslustofu hér í borg. Að sögn Sveins kvaðst ákærði vera íslenskur ríkisborgari, fæddur á Húsavík, með viðurkennt alþjóðapróf í snyrtingu og með virðisaukaskattsnúmerið 4254. Ákærði fékk vörurnar afhentar dagana 3. til 10. október sl. gegn loforði um greiðslu 11. október sl. Að sögn Sveins kvaðst ákærði þurfa að fara snögga ferð

til Parísar 11. október vegna andláts föður síns, og fékk hann frestun á uppgjöri reikningsins til 19. október kl. 10.00. Kvaðst Sveinn síðan hafa frétt, að ákærði fór aldrei til Parísar, og jafnframt kvaðst hann hafa komist að því, að ýmislegt af því, sem ákærði sagði um sjálfan sig, stóðst ekki. Kvaðst Sveinn því hafa óttast, að ákærði hefði ætlað að hverfa af landi brott án þess að gera upp skuld sína.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði komist í samband við aðila, sem versla með Sebastian-snyrtivörur, og kvaðst hann hafa hitt Svein Grétar Jónsson á starfsstöð Kristu sf. við Laugaveg. Ákærði kvaðst upphaflega hafa ætlað að vinna fyrir umrætt Sebastian-umboð, en það hefði ekki verið ætlun sín að selja vörur þess. Ákærði kvað sér hafa verið tjáð, að þar væri enga vinnu fyrir hann að hafa, en í næstu viku eftir þetta hefði ákærði tekið þá ákvörðun að starfa sjálfstætt. Kvaðst ákærði hafa ætlað að vinna með Lovísu Jónsdóttur, eiganda hárgreiðslustofunnar Venusar, Garðastræti 11 hér í borg. Kvaðst ákærði hafa ætlað að taka þar herbergi á leigu og koma þar upp starfsemi. Var ætlunin, að þarna yrði hárgreiðslu- og snyrtistofa. Kvaðst ákærði hafa haft samband við Svein sem seljanda umræddrar snyrtivöru, og var hann fús til viðskipta við ákærða. Ákærði kannaðist við að hafa fengið afhentar vörur frá Sveini og jafnframt, að verðmæti þeirra hefði verið um það bil sú fjárhæð, er í ákæru greinir. Ákærði kvað, að svo hefði verið um samið, að greiðslu yrði skipt í þrennt, og skyldi fyrsta afborgun fara fram 20 dögum eftir afhendinguna, þ.e. 26. október sl., en afgangurinn yrði greiddur með tveimur afborgunum með mánaðar-millibili. Ákærði kvaðst hafa fengið vörureikninga í hendur, en enginn skriflegur samningur verið gerður milli þeirra og hvorki undirritaðir víxlar né skuldabréf. Ákærði kvað, að þeir hefðu rætt um staðgreiðslu fyrir vöruna, en afsláttur sá, sem seljandi vildi veita, hefði ekki verið nægjanlegur. Ákærði kvaðst hafa útfyllt umsóknareyðublað vegna umsóknar um starf hjá Kristu sf. Kvaðst ákærði í þessari umsókn hafa ofmetið menntun sína, en það hefði eingöngu verið í þeim tilgangi að styðja atvinnuumsókn sína. Ákærði neitaði því að hafa tjáð Sveini, að hann væri íslenskur ríkisborgari, en hann kvaðst hafa sagt í atvinnuumsókn sinni, að hann væri fæddur á Húsavík. Ákærði kannaðist við að hafa sagt, að hann hefði nokkra þekkingu á þessum snyrtivörum, enda kvað ákærði, að svo hefði verið. Ákærði kannaðist ekki við að hafa gefið Sveini upp virðisaukaskattsnúmer, og kvað hann hér vera um uppspuna af hálfu Sveins að ræða. Ákærði kvað sig hafa haft möguleika á að greiða fyrstu afborgun, en síðari afborganir hefði hann getað fjármagnað með sölu.

Ákærði kvaðst hafa pantað tvo stimpla frá fyrirtæki í gegnum síma, og kveður ákærði, að á hvorugum stimplinum hafi átt að vera virðisaukaskattsnúmer. Ákærði kvaðst aðeins hafa séð annan stimpilinn. Ákærði

kvaðst ekki geta gefið skýringu á því, hvernig á því stæði, að á öðrum stimplinum væri vsk-nr. 4254. Ákærði kvað, að hann hefði selt um 5-10 hluti af áðurgreindum snyrtivörum, og kvað hann heildarsöluverðið vera um 15.000-20.000 ísl. kr. Kvað ákærði kaupin hafa verið skrásett í sérstaka bók, en greiðslukortavíðskipti hefðu verið færð í bókhald Lovísu. Ákærði kvað, að Sveinn Grétar hefði fengið allar aðrar vörur í hendur.

Vitnið Sveinn Grétar Jónsson, kt. 160546-7869, Kringlunni 65, Reykjavík, skýrði svo frá, að ákærði hefði sótt um vinnu hjá Kristu sf., en vitnið kvaðst vera framkvæmdastjóri þess fyrirtækis. Kvað vitnið ákærða hafa sagst vera að koma frá Kanada, og hefði hann unnið þar með Sebastian Artistic Team. Kvað vitnið, að ákærði hefði gefið upp nöfn kanadískra umboðsmanna, sem vitnið kvaðst kannast við. Þá hefði ákærði gefið upp nöfn á ýmsum stöðum, sem hann hefði unnið á í heiminum. Vitnið kvað, að eiginkona sín hefði kynnt sig fyrir ákærða, sem hefði verið tjáð nokkrum dögum síðar, að ekki væri laus staða fyrir hann. Vitnið kvað ákærða hafa sagst vera íslenskur ríkisborgari, fæddur á Húsavík, og með próf frá CIDESCO í snyrtingu og hárgreiðslu. Kvað vitnið ákærða hafa komið tveimur dögum síðar með Lovísu Jónsdóttur, og þá hefði hún tjáð vitninu, að þau ætluðu að vinna saman. Kvað vitnið, að ákærði hefði beðið um snyrtivörur fyrir Lovísu persónulega, og kvað vitnið, að ákærði hefði þekkt nöfnin á litunum og þannig sýnt fram á, að hann hafði þekkingu á þessum litum. Vitnið tók fram, að umræddar snyrtivörur væru einungis seldar af fagmönnum. Kvaðst vitnið ekkert hafa séð því til fyrirstöðu að selja ákærða þessar vörur. Kvað vitnið ákærða hafa lýst yfir áhuga sínum á að selja umræddar snyrtivörur, og hefði hann fengið birgðalista, og hefði ákærði sagst ætla að fá einn „tester“ af öllu og þrjú eintök af hverri vörutegund til sölu. Kvað vitnið, að nokkrum dögum síðar hefði ákærði lagt inn pöntun, og hefði hann gefið upp kennitölu, sem tölvan hefði ekki tekið við. Kvaðst vitnið þá hafa haft samband við ákærða, sem taldi Hagstofuna hafa gert mistök, og hefði hann nú gefið upp aðra tölu, sem tölvan sætti sig nú við. Þá kvað vitnið, að ákærði hefði gefið upp fjögurra stafa virðisaukaskattsnúmer, og hefði ákærði talað um, að faðir sinn ætti fyrirtæki hér, og kvaðst vitnið hafa skilið ákærða sem svo, að hér væri um virðisaukaskattsnúmer föður hans að ræða. Vitnið kvaðst hafa rætt greiðsluskilmála við ákærða, sem hefði spurt, hver vaninn væri í þeim efnum. Kvaðst vitnið hafa tjáð honum, að venjulega væri þriðjungur greiddur út við afhendingu, en afgangurinn á víxlum. Vitnið kvað, að ákærði hefði lýst yfir áhuga á staðgreiðslu, og kvaðst vitnið hafa boðið honum afslátt, sem samsvaraði víxilkostnaði. Vitnið kvað, að þeir hefðu samið um það, að ákærði staðgreiddi vöruna 11. október. Kvað vitnið ákærða hafa sagst vilja hafa reikninginn á núlli, en við síðari viðskipti gætu þeir rætt um

annað fyrirkomulag. Vitnið kvað, að ekki hefði samist svo á milli þeirra, að vörurnar yrðu greiddar með afborgunum. Vitnið kvað, að vörurnar hefðu verið sendar ákærða að Garðastræti 11 og ákærði kvittað þar fyrir þeim. Vitnið kvað, að ekki hefði verið um óeðlilega pöntun af hálfu ákærða að ræða miðað við það, að aðstaða ákærða væri í tengslum við þekktu hárgreiðslustofu. Vitnið kvað, að ákærði hefði hringt 9. október sl. og tjáð vitinu, að faðir sinn hefði dáið, og þyrfti hann að fara til Parísar. Hefði ákærði ekki getað komið 11. október og óskað eftir viku-greiðslufresti. Vitnið kvaðst hafa samþykkt þetta. Kvaðst vitnið síðar hafa frétt, að ákærði fór ekki utan. Vitnið kvaðst hafa sótt megnið af vörunni að Garðastræti 11 að beiðni Lovísu, en ýmislegt hefði þó vantað í. Vitnið kvaðst fyrst hafa séð stimpilmerki þau, er greinir á skjali 1, bls. 3, í málinu nr. 3318/91, á sunnudeginum, þegar vitnið sótti vörurnar í Garðastræti. Vitnið kvaðst ekki hafa séð nein prófskírteini hjá ákærða, en vitnið taldi, að ákærði hefði ekki sannað kunnáttu sína á snyrtivörunum öðruvísi en á þann hátt, að hann hafði greinilega þekkingu á þeim. Vitnið kvað ákærða oft hafa haft samband við sig, og eftir á að hyggja fannst vitninu, að ákærði hefði með þessu verið að „byggja upp“ traust vitnisins. Vitnið kvað samband þeirra hafa verið gott. Vitnið kvað, að viðskiptasamband þeirra hefði verið eðlilegt þangað til kl. 7 að kvöldi 11. október sl., er vitnið frétti, að ákærði hafði ekki farið til Parísar. Vitnið kvaðst hafa hringt í Útlendingaeftirlitið laugardaginn 12. október sl. til að fá vitneskju um það, hvort ákærði væri enn hér á landi, og þá, hvar hann dveldist.

Ákærði og vitnið voru samprófaðir, en ekki náðist samræmi í framburð þeirra.

Vitnið Lovísa Jónsdóttir hárgreiðslumeistari, kt. 040446-4279, Boðagrandu 7, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að mágkona sín hefði hringt og sagst vera með mann í atvinnuleit, sem væri hárgreiðslumeistari og snyrtifræðingur, og jafnframt hefði vitninu verið tjáð, að maðurinn hefði unnið mikið fyrir Sebastian-snyrtivörur. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða laugardaginn 21. september sl. á hárgreiðslustofu vitnisins í Garðastræti. Vitnið kvað ákærða hafa tjáð sér, að hann kæmi frá Namibíu, en væri íslenskur ríkisborgari. Hefði hann sagst vera með alþjóðaskírteini í hárgreiðslu og snyrtingu, en engin skilríki sýnt. Vitnið kvaðst hafa farið með ákærða til Kristu sf. og kynnt hann fyrir Hönnu Kristínu þar. Vitnið kvaðst ekki vita frekar, hvað þeim fór á milli, en vitnið kvað, að á mánudeginum eftir hádegi hefði ákærði verið á stofu vitnisins og verið þar megnið af deginum. Vitninu fannst ákærði tala þannig, að hann hefði þekkingu á þessum hlutum. Vitnið kvað ákærða hafa fengið það svar á þriðjudeginum frá Kristu sf., að hann fengi ekki vinnu þar. Vitnið kvað, að áður en svarið frá Kristu sf. kom, hefði ákærði spurt vitnið, hvort það vildi leigja ákærða

herbergi, þar sem ákærði ætlaði að opna snyrtistofu, og kvaðst vitnið hafa tekið sér umhugsunarfrest. Vitnið kvaðst síðan hafa ákveðið að leigja ákærða herbergið. Vitnið kvaðst hafa viljað fá skírteinin hjá ákærða til að fá þau viðurkennd hjá hérlandum fagfélögum, en ákæri hefði sagt, að hann fyndi þau ekki. Hefði ákærði pantað inn vörur hjá tveimur fyrirtækjum og vörurnar verið fluttar á stofu vitnisins, en á nafni ákærða. Vitnið kvaðst hafa skýrt ákærða frá því, að hér á landi þyrfti bókhald og annað að vera í lagi. Vitnið kvað ákærða ekki hafa hafið rekstur sinn. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt, hvað forráðamönnum Kristu og ákærða fór á milli við pöntun á vörunum. Vitnið kvað, að fyrirtækin hefðu tekið vörurnar til baka. Vitnið kvað ákærða hafa pantað stimpla vegna væntanlegs fyrirtækis síns, og kvaðst vitnið hafa tjáð ákærða, að á stimplum þyrfti helst að vera virðisaukaskattsnúmer. Vitnið kvaðst hafa hlustað á, þegar ákærði hringdi vegna stimplanna, en kvaðst ekki geta fullyrt, að ákærði hefði þá gefið upp virðisaukaskattsnúmer. Vitnið kvaðst hafa farið til Parísar og kvaðst hafa reynt að finna hótél, sem ákærði benti vitninu á, en það heimilisfang hefði ekki staðist. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða, eftir að hann hafði dvalist einhvern tíma á Hótel Holti, hver myndi borga reikninginn fyrir hann, og kvað vitnið, að ákærði hefði sagt föður sinn myndu greiða. Vitnið kvað ákærða hafa talað um að borga snyrtivörurnar út í hönd. Vitnið kvaðst hafa séð einn stimpil, sem ákærði pantaði, og var ekki virðisaukaskattsnúmer á honum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þann stimpil, sem er með virðisaukaskattsnúmerinu. Vitnið kvað, að öllum vörunum hefði verið skilað, nema ákærði hefði verið búinn að gefa einhverjar vörur frá sér, en hann hefði ekkert selt, svo að vitnið vissi til. Vitnið kvað ákærða hafa verið ráðlagt að hafa samband við Árna í Útlendingaeftirlitinu. Vitnið kvað ákærða hafa hringt, en ekki vissi vitnið, við hvern hann talaði, en ákærði hefði sagt, að hann hefði haft samband við Útlendingaeftirlitið og allt væri klappað og klárt. Vitnið kvað ákærða hafa komið með tryggingarvixil vegna umsóknar um Vísa-greiðslukort og sýnt vitninu og jafnframt látið í ljós undrun sína á því, að slíks væri krafist.

Vitnið kvað ákærða hafa sýnt hæfni sína í því, sem hann gerði, og augljóst, að ekkert kom honum í opna skjöldu á því sviði, sem hann sagðist hafa þekkingu á. Vitnið kvað, að ekkert hefði bent til, að ákærði hefði ætlað að koma vörunum undan. Vitnið kvað ákærða hafa haft fullan hug á að stofna til viðskipta, og ekki hvarflaði að vitninu, að ákærði hefði ætlað að hverfa úr landi. Vitnið kvaðst hafa ráðlagt ákærða að staðgreiða ekki vörurnar frá Kristu sf., m.a. vegna þess, að staðgreiðsluafslátturinn væri ekki nægilegur. Vitnið kvaðst standa í þeirri trú, að fyrirtækin hefðu stofnað til reikningsviðskipta við ákærða vegna þess, að forráðamenn þeirra tryðu því, að ákærða væri alvara með það að fara út í viðskipti.

Vitnið kvaðst telja, að ákærði hefði samið við Svein Grétar um greiðslufrest. Vitnið kvaðst telja, að ákærði hefði haft gott vit á rekstri slíks fyrirtækis, og taldi vitnið, að fyrirætlanir ákærða hefðu verið þær að búa hér á landi. Vitnið kvað, að ákærði hefði upphaflega ætlað með vitninu til Parísar ásamt öðru hárgreiðslufólki, en ákærði hefði átt að mæta hjá Útlendingaeftirlitinu á svipuðum tíma, en hann hefði þó átt að geta náð flugvélinni. Vitnið kvaðst ekki geta borið um vitneskju starfsfólks á Hótel Holti um hæfni ákærða á snyrtisviðinu. Vitnið kvaðst telja, að það hefði ekki verið ætlun ákærða að svíkja vörur út úr fólki, og þá taldi vitnið, að ákærða hefði vegnað vel á þessu sviði, ef ekki hefði komið til aðgerða. Vitnið kvaðst muna eftir því, að ákærði hefði sýnt einhverjum á hárgreiðslustofunni mynd af móður sinni, sem viðkomandi hefði kannast við.

Niðurstæða.

Ákærði hefur kannast við að hafa fengið afhentar frá fyrirtækinu Kristu sf. snyrtivörur þær, er í ákæru greinir, og hefur hann lýst yfir, að hann hygðist stofna til atvinnurekstrar hér á landi. Virðist hér hafa verið um skyndiákvörðun af hálfu ákærða að ræða, en hann hefur upplýst, að upphaflega hafi hann snúið sér til forráðamanna Kristu sf. í þeim tilgangi að fá atvinnu. Er upplýst í máli þessu, að ákærði fékk vörurnar afhentar gegn greiðslufresti, en ákærða og Svein Grétar greinir á um nánari tilhögun fyrirhugaðrar greiðslu. Ákærði hefur talið, að hann hefði möguleika á að greiða fyrstu afborgun, en síðari greiðslur hefði hann getað fjármagnað með sölu. Ákærði hefur viðurkennt að hafa í atvinnuumsókn sinni ofmetið menntun sína, og jafnframt hefur hann kannast við að hafa sagst vera íslenskur ríkisborgari, en talið það gert í þeim tilgangi einum að styrkja atvinnuumsókn sína. Þá hefur slæðst inn á stimpil, sem ákærði pantaði, virðisaukaskattsnúmer, sem í ljós hefur komið, að fyrirtæki á Hellu hefur. Þegar allt framanritað er virt, verður að telja, að ofangreindar blekkingar ákærða gagnvart forráðamönnum Kristu sf. hafi verið til þess fallnar að vekja traust á ákærða sem viðsemjanda, og má ætla, að hefði þeim verið sannleikurinn ljós, hefði ekki orðið af samningum við ákærða. Þar sem telja verður, að fjárhag ákærða hafi verið þannig háttað, að hann hafi verið ófær um að stand skil á skuldbindingum sínum og hann þannig stefnt hagsmunum viðsemjenda sinna í verulega hættu, telst nægilega sannað, að ákærði hafi með ofangreindri háttsemi sinni gerst sekur um fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Með bréfi til RLR, dagsettu 22. október sl., lögðu Kreditkort hf. fram kæru á hendur ákærða fyrir misnotkun á Mastercard-greiðslukorti nr.

5412-8309-0321-7355, sem gefið var út til ákærða af Nedbank í Jóhannesborg í Suður-Afríku. Segir í bréfi kæranda, að umrætt kort hafi verið sett á vákortalista 3. og 17. september sl. Hafi kortið verið notað hér á landi dagana 19. september til 6. október sl., og nemur fjárhæð úttekta ákærða samtals 38.865 kr. Í málinu liggja frammi eiðfestar staðfestingar frá Richard Martin Ferreira, yfirmanni fjársvikadeildar Nedbank Credit Card, um það, að ákærði hafi fengið umrætt greiðslukort 14. mars sl., og hafi úttektarheimild hans verið \$1.745. Ákærði hafi hins vegar farið til Evrópu, og nam skuld hans við bankann \$9.680. Hafi umrætt greiðslukort því verið afturkallað 26. júní sl. Sökum þessa var greiðslukort ákærða sett á vákortalista, fyrst 6. ágúst sl., og því eru Eurocard á Íslandi, Kreditkort hf., bundin af úttektum ákærða.

Ákærði skýrði svo frá, að hann kannaðist við að eiga umrætt Mastercard-greiðslukort. Ákærði kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að umrætt kort hefði verið sett á vákortalista, enda kvaðst hann hafa verið að heiman um það leyti. Ákærði kvað, að úttektir sínar út af kortinu hefðu rúmast innan þeirrar heimildar, er hann hafði. Ákærði kannaðist við að hafa undirritað greiðslunótur þær, er liggja frammi í máli þessu, og kvaðst hann ekki gera athugasemd við fjárhæð í ákæruskjali. Ákærði kvaðst ekki hafa fylgst með úttektum, vegna þess að úttektir eru sjálfkrafa skráðar á reikning hans í bankanum. Ákærði kvaðst ekki hafa haft áhyggjur af stöðu sinni í bankanum, sem er útibú Nedbank í Windhoek, og hefur sá banki heimildarskjöl um hús hans og tvær bifreiðar. Ákærði kvað hvíta menn í Suður-Afríku fá greiðslukort, og kvað hann bankann ábyrgjast þær úttektir, sem hann telur menn standa undir.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins kannast við að hafa notað umrætt greiðslukort hér á landi, og hefur hann ekki gert athugasemd við þá fjárhæð, sem tilgreind er í ákæruskjali. Ákærði hefur hins vegar talið úttekt sína rúmast innan heimildar þeirrar, er hann hafði. Þegar litið er til eiðfestrar yfirlýsingar starfsmanns umrædds banka um úttektarheimild ákærða og þeirrar skuldar, er hann hafði stofnað til við bankann langt umfram heimildir, verður að telja, að ákærða, sem bar að fylgjast með úttektum sínum, hafi hlotið að vera ljóst, hver staða sín var gagnvart bankanum. Ákærði hefur því með úttektum sínum hér á landi bundið Kreditkort hf. til greiðslu á 38.865 kr. Telst því sannað, að ákærði hafi með þessari háttsemi sinni gerst sekur um umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga.

Málsmeðferð.

Rétt þykir á þessu stigi að gera grein fyrir rannsókn og meðferð málsins. Ákærði var handtekinn á Hótel Íslandi kl. 13.45 15. október sl., og 16.

október sl. var ákærði að kröfu RLR úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 23. október sl. kl. 16.00.

Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, upp kveðnum 18. október sl., felldi ofangreindan úrskurð úr gildi. Áður en hæstaréttardómur lá fyrir, hafði sakadómur Reykjavíkur 18. október sl. kl. 15.35 hafnað kröfu ákærða þess efnis, að hann yrði látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Eftir að dómur Hæstaréttar lá fyrir, var ákærða að kröfu RLR gert að sæta farbanni með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. október sl. kl. 20.30, allt til miðvikudags 30. október sl. kl. 16.00. Ofangreindur úrskurður var kærður til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, upp kveðnum 25. október sl., staðfesti hann. Eftir þingfestingu málsins 30. október sl. var farbann ákærða að kröfu ríkissaksóknara framlengt til miðvikudags 13. nóvember 1991 kl. 16.00. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, upp kveðnum 5. nóvember sl., staðfesti úrskurð sakadóms Reykjavíkur.

Auk þessa var 18. október sl. kveðinn upp úrskurður um heimild til rannsóknar á munum, sem lagt hafði verið hald á hjá ákærða. Ákærði kærði þann úrskurð til Hæstaréttar Íslands, en kæran var afturkölluð 24. október sl. Þá var 18. október sl. kveðinn upp úrskurður í sakadómi Reykjavíkur um heimild RLR til að taka fingraför og ljósmyndir af ákærða. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með dómi, upp kveðnum 28. október sl.

Viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi sex mánuði, en fullnustu helmings refsivistarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærvaldið hefur gert þá kröfu, að ákærða verði með dómi gert að verða af landi brott, sbr. 13. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, er hann hefur þolað refsingu samkvæmt dóminum. Í lagagrein þessari segir m.a., að hafi útlendur maður sest að hér á landi, skuli vísa honum burt, ef hann verði, áður en hann hefur dvalist hér full fimm ár samfleytt, sekur að lagadómi um verk, sem svírðilegt er að almenningi-áliti.

Dómurinn getur ekki fallist á, að brot þau, sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir, séu þess eðlis, að áðurgreind lagagrein eigi hér við. Ber því að sýkna ákærða af þessari kröfu ákærvaldsins.

Skaðabætur.

Eftirtaldir hafa lagt fram skaðabótakröfur á hendur ákærða í máli þessu:

1. Sveinn Grétar Jónsson v/Kristu sf. 32.816 kr. auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá 11. október 1991 til greiðsludags.
2. Skúli Þorvaldsson v/Hótel Holts 214.823 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 14. október 1991 til greiðsludags.
3. Hótel Ísland 41.602 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 15. október 1991 til greiðsludags.
4. Kreditkort hf. 38.865 kr. ásamt vanskilavöxtum.

Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfu Sveins Grétars, og hann hefur ekki samþykkt þá fjárhæð, sem Skúli fer fram á. Ákærði samþykkti kröfu Hótel Íslands, en gerði fyrirvara um fjárhæðina. Þá mótmælti ákærði kröfu Kreditkorta hf.

Þar sem ákærði var sýknaður af háttsemi þeirri, er skaðabótakrafan í 3. lið tekur til, ber einnig að sýkna hann af bótakröfunni, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974. Aðrar kröfur, sem þykja nægilega rökstuddar, verða teknar til greina þannig, að vextir samkvæmt lið 2 og 4 skulu vera dráttarvextir og upphafstími vaxta samkvæmt lið 4 skal vera 22.10 '91.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu 9/10 hluta réttargæslu- og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 200.000 kr., en 1/10 hluti greiðist úr ríkissjóði. Annan sakarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun, er renna í ríkissjóð og þykja hæfilega ákveðin 100.000 kr., greiði ákærði að 9/10 hlutum, en 1/10 greiðist úr ríkissjóði.

Jón Erlendsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorbjörn Gunnarsson, sæti fangelsi sex mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsivistarinnar, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði skal vera sýkn af kröfu ákæruvaldsins um brottvísun úr landi.

Ákærði greiði skaðabætur sem hér segir:

1. Sveini Grétari Jónssyni v/Kristu sf. 32.816 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 11. október 1991 til greiðsludags.

2. Skúla Þorvaldssyni v/Hótel Holts 214.823 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 14. október 1991 til greiðsludags.

3. Kreditkortum hf. 38.865 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 22. október 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði 9/10 hluta réttargæslu- og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 200.000, en 1/10 hluti greiðist úr ríkissjóði. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renna í ríkissjóð, 100.000 kr., greiði ákærði að 9/10 hlutum, en 1/10 greiðist úr ríkissjóði.
